


K.R.F.Í.



19. JÚNÍ
1962

Vigdís Kristjánsdóttir listvefari og málari

Við Íslendingar eיגum marga góða listmálara. Listvefara eígum við hins vegar fáa, og sætir það nokkurri furðu, þar sem ullin af sauðkind okkar og vefnaðaríþróttin hafa átt rík og forn ítök í þjóðinni.

Ég er ekki kunnáttumanneskja á vefnaðarsviðinu. En ég hef víða skoðað vefnað á söfnum í Evrópu og Afríku af miklum áhuga, þar sem mér finnst þessi listgrein ná svo vítt í tjáningu sinni, litum, teikningu, efnismeðferð og hlýju.

Vigdís Kristjánsdóttir er einn færasti listamaður okkar á svíði myndvefnaðar. Það er því vissulega tilefni til að kynna hana fyrir lesendum þessa blaðs. Geri ég það með gleði eftir beiðni ritstjóra þess.

Vigdís fékk sína fyrstu til sögn í teikningu og litameðferð hjá Meulenberg biskupi í Landakoti, en hann var hinn ágætasti kennari og öðlingsmaður. Síðan fór hún í kvöldskóla og lærði teikningu hjá Stefáni Eiríkssyni og hjá Ríkarði Jónssyni. Um nokkurt skeið lærði hún einnig teikningu hjá Mugg (Guðmundi Thorsteinsson), hinum fjölhæfa og gáfaða listamanni, sem féll frá langt fyrir aldur fram. Lærði hún þar fyrst að fara með olíuliti.

Áhugi Vigdísar vaknaði snemma á gamalli íslenzkri kirkjulist og listiðnaði. Lagði hún oft leið sína á Þjóðminjasafnið í Safnahúsinu við Hverfisgötu til þess að skoða þar gömul teppi, refilsaum, flosofnar sessur og glitofin áklæði. Hún fór á vefnaðarnámskeið, og hugur hennar tók óðum að hneigjast að myndvefnaði. Niðurstæðan varð þó sú, að árið 1939 hóf hún nám í teikningu að nýju, að þessu sinni hjá þeim Jóhanni Briem og Finni Jónssyni. Árið 1943 gerðist hún nemandi í Handíðaskólanum.

Haustið 1946 fór hún til Kaupmannahafnar og hóf þar nám í málaralist á Konunglega listaháskólanum. Var prófessor Kræsten Ivarsen þar aðalkennari hennar. Stundaði hún þar myndlistarnám fimm ár og lagði hart að sér eins og háttur er al-

varlegra og dugandi listamanna. Professor Iversen hefur vafalaust haft mikil áhrif á þessa leitandi íslenzku listakonu. Hann fékk áhuga á stíl hennar og taldi hann eiga mjög vel við myndvefnað. Hvatti hann hana til þess að leggja aukna rækt við þá listgrein og taldi hana eiga mikla framtíð fyrir sér. Tók Vigdís nú að beina listastarfí sínu í stöðugt vaxandi mæli að myndvefnaði, enda þótt hún hefði getið sér gott orð sem listmálarí.

Á þessum árum kynntist hún ýmsum norskum listamönnum á sviði myndvefnaðar. Varð það til þess, að hún flutti sig yfir til Noregs og hóf þar nám árið 1952 í myndvefnaðardeild Statens kvindelige industriskole í Oslo. Stundaði hún þar nám hátt á þriðja ár og kom hingað heim til Íslands vorið 1955. Hafði hún þá lokið fullnaðarprófi í myndvefnaði, teikningu, spuna á togi og jurtalitun með ágætiseinkunn í öllum þessum námsgreinum.

Vigdís Kristjánsdóttir tók fyrst þátt í listsýningu hér heima árið 1924. Átti hún þá málverk á samsýningu íslenzkra listmálarí í Reykjavík. Árið 1930 sýndi hún í fyrsta skipti tvær myndir ofnar úr íslenzku bandi á Heimilisiðnaðarsýningu, sem þá var haldin í Reykjavík. Næst sýndi hún vatnslitamyndir á vorsýningu á Charlottenborg vorið 1949 og á norrænni listsýningu í Helsingfors árið 1950. Um svipað leyti tók hún einnig þátt í samsýningu íslenzkra myndlistarmanna í Reykjavík.

Fyrstu sjálfstæðu listsýningu sína hélt hún í Bogasal Þjóðminjasafnsins árið 1952. Sýndi hún þar gobelinvefnað og olíumyndir. Þessa sýningu fór hún einnig með til Akureyrar og Selfoss.

Árið 1958 heldur hún aðra sýningu í Reykjavík og sýnir þá röggvafeldi (ryur) og krossvefnað.

Síðan hefur hún tekið þátt í fleiri sýningum með íslenzkum myndlistarmönnum hér heima.

Vigdís Kristjánsdóttir hefur á síðari árum sett mörg listaverka sinna utanlands og innan og þá fyrst og fremst myndvefnaðarverk sín. Þau hafa skapað henni mesta viðurkenningu. Reykjavíkurborg og Menntamálaráð eru meðal þeirra, sem keypt hafa verk hennar. Sérstök ástæða er til að nefna hið mikla myndofna teppi hennar af Ingólfí Arnarsyni og skyldulíði hans, sem Bandalag kvenna í Reykjavík gaf Reykjavíkurborg. Hefur því verið valinn staður í framtíðar ráðhúsi borgarinnar. Er það mikið og sérstætt listaverk.

Enda þótt Vigdís Kristjánsdóttir hafi verið

sýndur margvíslegur sómi fyrir listsköpun hennar og brautryðjandastarf á sviði myndvefnaðar hér á landi, fer því mjög fjarri, að kunnátta hennar og hæfileikar hafi verið hagnýttir sem skyldi. Er að því mikill skaði. Það er mín skoðun, að búa ætti þannig að þessari frumlegu og menntuðu listakonu, að hún gæti helgað sig list sinni, en jafnframt kennt nokkrum útvöldum konum, sem vilja leggja myndvefnað fyrir sig sem listgrein. Að því væri ómetanlegur fengur fyrir þessa rammislenzku íþrótt, sem felur í sér svo mikla möguleika og fegurð.

Ég álít, að við Íslendingar megum ekki missa af vinnu, kunnáttu og kröftum vel sérmennataðs fólks. Því miður hættir okkur alltof oft til þess að láta okkur standa á sama um, þótt margt af okkar ágætasta og best menntaða fólkí á sviði vísinda og lista eyði kröftum sínum erlendis eða neyðist til þess að vinna alóskyld störf, sem lama starfskrafta þess á eigin þekkingarsviði.

Pannig er það t. d. með listafólk, sem fæst árum saman við að troða byrjunaratriðum í nemendur, er sækja frístundaskóla. Það er vafalaust ekkert á móti því að starfrækja slíka skóla og gott og blessað að hafa góða kennslukrafta við þá. En við eignum svo fátt afburðafólk, að við verðum fyrst og fremst að hagnýta starfskrafta þess á hærra sviði, þar sem það fær sjálft tækifæri til þess að skapa og þroskast, en staðnar ekki í striti fyrir daglegu brauði.

Þetta fólk hefur algera sérstöðu og á að hafa hana. En okkur hættir of oft til þess að vilja steypa allt og alla í sama móti. Þetta er skaðleg hugsun. Okkur ber að viðurkenna það, sem sjálfstætt er og sérstætt, og hlúa að því.

Vigdís Kristjánsdóttir kann svo mikið og hefur séð svo margt bæði í löngu og ströngu námi og á námsferðalögum víða um lönd, að hún getur miðl-að þjóð sinni mikilli kunnáttu og sérstæðri list. Sjálf á hún það líka skilið fyrir sína hörðu baráttu og góðu hæfileika, að listastarf hennar sé mikils metið og Íslendingar fái tækifæri til þess að njóta þess. Í því eru fólgin sönnustu sigurlaun listamannsins.

Enda þótt við Vigdís Kristjánsdóttir værum á sama listaháskóla um árabil, kynntumst við fyrst vel í Grikklandi. Ég kom þangað frá langri dvöl í Egyptalandi, en hún var þá nýkomin úr mjög erfiðu, en ævintýralegu ferðalagi um Tyrkland. Bakpokinn hennar var þungur af dýrlegum

austurlandavefnaði og undrasteinum. En pyngjan var létt.

I nokkra mánuði lifðum við þarna nær eingöngu á hinu hlýja grískar lofti. Þá kynntist ég vel óvenjulegu viljaþreki þessarar konu og brennandi áhuga hennar í námi og listastarfi.

Það er ósk míni, að henni megi endast lengi sköpunar- og vinnugleði sín til mikilla afreka.

Ólöf Pálsdóttir.